

Fundargerð

Atvinnu, jafnréttis og ferðamálanefnd.

3. fundur Atvinnu og ferðamálanefndar,  
haldinn á Laugalandi 27. janúar 2016 kl.15.

Mættir: Birgir Skaptason, Ásta Begga Ólafsdóttir, Karl Ölvirsson

Fundarritari: Birgir Skaptason

Fundarefni: Jafnréttismál, nýtt hlutverk nefndarinnar.

Birgir kynnti ákvörðun hreppsnefndar um nýtt hlutverk nefndarinnar, þar sem jafnréttismál bætast við og verður nefndin nú: Atvinnu, jafnréttis og ferðamálanefnd.

Nefndinni hefur verið falið að koma að gerð jafnréttisáætlunar fyrir Ásahrepp og leggja fyrir hreppsnefnd eins fljótt og kostur er. Ákveðið var að Birgir og Ásta Begga tækju að sér að yfirfara drög og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

Birgir kynnti samstarfsverkefni Ásahrepps, Rangárþings ytra, og Rangárþings eystri um umsókn um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til undirbúnings og hönnunar reiðhjólástíga í Rangárvallasýslu.

Næsti fundur ákveðinn 4. febrúar kl. 15.00

Fundi slitið kl. 16.30